

## Efni: Svör við spurningum bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins

### 1) Uppfærð fjárhagsáætlun 2014-2017 miðað við tilboð Íslandsbanka og að gengið verði út frá:

- a. 20 ára endurgreiðsluferli
- b. 30 ára endurgreiðsluferli

Meðfylgjandi eru töflur sem sýna áhrif endurfjármögnunar á afkomu bæjarins og áhrif á sjóðstreymi.

a. 20 ára endurgreiðsluferli:

<b>Áhrif á rekstur:</b>	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
<i>20 ára lán</i>	2014	2015	2016	2017
Afkoma ársins skv. fjárhagsáætlun	612.771	746.784	744.462	953.688
Áhrif á fjármagnsliði m.v. ISB tilboð	22.570	8.396	161.480	159.862
<b>Afkoma ársins m.t.t. ISB tilboðs</b>	<b>635.341</b>	<b>755.180</b>	<b>905.942</b>	<b>1.113.550</b>

### Áhrif á sjóðstreymi:

Veltufé frá rekstri skv. fjárhagsáætlun	2.458.715	2.424.424	2.687.092	2.884.935
Breyting á afkomu ársins sbr. ofar	22.570	8.396	161.480	159.862
<b>Veltufé frá rekstri m.t.t. ISB tilboðs</b>	<b>2.481.285</b>	<b>2.432.821</b>	<b>2.848.572</b>	<b>3.044.797</b>
Fjármögnunaryfingar skv. fjárhagsáætlun	(1.927.630)	493.070	(1.833.795)	( 1.798.801)
Ný lán	1.500.000	(1.500.000)		
Breytingar á afborgunum ársins	( 51.934)	( 56.195)	( 27.077)	( 46.561)
<b>Fjármögnunaryfingar m.t.t. ISB tilboðs</b>	<b>( 479.564)</b>	<b>(1.063.124)</b>	<b>(1.860.873)</b>	<b>( 1.845.362)</b>

b. 30 ára endurgreiðsluferli:

<b>Áhrif á rekstur:</b>	<b>Áætlun</b>	<b>Áætlun</b>	<b>Áætlun</b>	<b>Áætlun</b>
<i>30 ára lán</i>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>
Afkoma ársins skv. fjárhagsáætlun	612.771	746.784	744.462	953.688
Áhrif á fjármagnsliði m.v. ISB tilboð	22.570	8.396	160.380	151.059
<b>Afkoma ársins m.t.t. ISB tilboðs</b>	<b>635.341</b>	<b>755.180</b>	<b>904.841</b>	<b>1.104.747</b>
<b>Áhrif á sjóðstreymi:</b>				
Veltufé frá rekstri skv. fjárhagsáætlun	2.458.715	2.424.424	2.687.092	2.884.935
Breyting á afkomu ársins sbr. ofar	22.570	8.396	160.380	151.059
<b>Veltufé frá rekstri m.t.t. ISB tilboðs</b>	<b>2.481.285</b>	<b>2.432.821</b>	<b>2.847.471</b>	<b>3.035.994</b>
Fjármögnunaryfingar skv. fjárhagsáætlun	(1.927.630)	493.070	(1.833.795)	( 1.798.801)
Ný lán	1.500.000	(1.500.000)		
Breytingar á afborgunum ársins	( 27.574)	( 29.358)	159.076	152.846
<b>Fjármögnunaryfingar m.t.t. ISB tilboðs</b>	<b>( 455.204)</b>	<b>(1.036.287)</b>	<b>(1.674.719)</b>	<b>( 1.645.955)</b>

2) Þrjár sviðsmyndir miðaðar við 10% styrkingu ISK, 10% veikingu ISK og 20% veikingu ISK Eftirfarandi tafla sýnir hvernig FMS lán Hafnarfjarðarbæjar breytast eftir því hvernig gengi ISK gagnvart EUR breytist.

#### FMS lán Hafnarfjarðarbæjar, staða 20. mars 2014

	<i>ISK/EUR</i>	<i>Milljónir EUR</i>	<i>Höfuðstóll milljónir ISK</i>
Síðasta gengi ISK/EUR	156,0	69,1	10.780
10% styrking	140,4	69,1	9.702
10% veiking	171,6	69,1	11.858
20% veiking	187,2	69,1	12.936

#### 3) Hvernig var leitað eftir endurfjármögnun, hvaðan komu tilboð og hvert var innihald þeirra?

Síðustu misseri hefur mikil vinna farið í undirbúning vegna endurfjármögnunar. Snemma var ljóst að endanleg samsetning á fjármögnun bæjarins var háð viðbrögðum Seðlabankans við fyrirframgreiðslu á láni bæjarins hjá FMS. Vegna þessa var málið flóknara en ella hefði verið. Ákveðið var að ræða við innlenda lánveitendur; banka, lífeyrissjóði og Lánasjóð sveitarfélaga (LSS), um mögulegar útfærslur. Arion banki og Íslandsbanki sýndu málinu mestan áhuga og höfðu frumkvæði að nálgast bæinn sem leiðandi aðili við endurfjármögnun. Verkefnið var formlega kynnt fyrir þeim og óskað eftir því hvernig þeir vildu

koma að málinu. Báðir bankar settu fram sínar hugmyndir um að fjármagna alla lánsfjárhæðina auk skammtímaskulda. Íslandsbanki gekk lengra og setti fram tilboð þar sem öll fjármögnunin var tryggð óháð því hver niðurstaða Seðlabankans yrði. Þetta tilboð styrkir stöðu bæjarins gagnvart öðrum lánveitendum. Tilboð Íslandsbanka er metið hagstæðara en hugmyndir Arion banka á alla mælikvarða, þ.e. tryggingar, vexti og kostnað. Auk þess er í tilboði Íslandsbanka skýrt svigrúm til að koma fleiri aðilum að fjármögnuninni.

**4) Efni erindis bæjarins til Seðlabanka Íslands varðandi greiðslumöguleika og gjaldeyrisvarnir. Ennfremur útlistun á fullyrðingum um þrýsting af hálfu Seðlabanka varðandi tímasetningar.** Meðfylgjandi er formleg undanþágubeiðni Hafnarfjarðarbæjar frá lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrislögum sem bæjarstjóri sendi til bankans fyrir hönd bæjarins þann 10. mars sl. Í bréfinu er farið fram á undanþágu frá gjaldeyrislögum til fyrirframgreiðslu á láni bæjarins hjá FMS, í heild eða hluta, til að draga sem hraðast úr gjaldeyrisáhættu bæjarins. Þegar bæjarstjórn hefur samþykkt lánatilboð Íslandsbanka er frekari útfærsla eingöngu háð niðurstöðu Seðlabankans.

**5) Rökstuðning fyrir því hvers vegna miðað er við óverðtryggt lán Hafnarfjarðarhafnar.** Sömu rök búa að baki og þegar Hafnarstjórn samþykkti tilboð Íslandsbanka dagsett 29. maí 2013 eftir vandlega yfirferð. Rökstuðningur fyrir því að hafa lánið óverðtryggt var sá að Hafnarfjarðarhöfn vill hafa svigrúm til að greiða lánið hraðar niður en lánasamningar segja til um án sérstakar þóknunar eins og hún hefur gert á undanförunum árum. Á verðtryggðum lánum er sá möguleiki ekki fyrir hendi nema að greiða sérstaka uppgreiðsluþóknun eða að uppgreiðslan takmarkist við ákveðna fresti.

**6) Samkvæmt lánsloforðinu þá er lánsupphæðin allt að 13,1 milljarður króna. Ef evran veikist um 6,5% þannig að hún verði 165 eða meira dekkar þá lánsloforðið alla upphæðina?** Sjá lánaskilmála í tilboði Íslandsbanka undir liðunum „Tilgangur“ og „Lánsupphæð“. Tilboð Íslandsbanka miðar við gengi EUR í 155 kr. Miðað við evrugengið 155 kr er um 500 m.kr. svigrúm til veikingar krónunnar gagnvart EUR. Það jafngildir því að krónan geti veikst um 5% gagnvart EUR áður en lánsupphæðin skerðist. Verði veiking krónunnar umfram þessi mörk þarf hugsanlega viðbótarlánaþyrngreiðsla að fara fyrir lánanefnd bankans. Íslandsbanki er því með ákveðið hámark á veikingu krónunnar gagnvart EUR en bankinn er þó viljugur til að ræða frekari fjármögnun ef á reynir. Auk þess má segja að ef krónan myndi veikjast umfram framangreind mörk í tilboði Íslandsbanka hefur bærinn einnig möguleika á að skoða aðra fjármögnunarmöguleika, t.d. skuldabréfaútböð með þátttöku lífeyrissjóða eða lántöku hjá LSS.

#### **7) Fundargerðir.**

Ekki liggja fyrir formlegar fundargerðir af vinnufundum um endurfjármögnun bæjarins.

Unnið af fjármálastjóra bæjarins og starfsmönnum HF. Verðbréfa hf.